

Nd. **196. Tillaga til ályktunar** [173. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands, svo og samningatilboð um yfirtöku eigna Hafskips hf. (Íslenska skipafélagsins hf.).

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Agnarsdóttir,
Guðmundur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd samkv. ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni nefndarinnar eru að rannsaka eftirfarandi:

1. Viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. og forsendur þeirra viðskipta.
2. Hvort Útvegsbanki Íslands hafi fengið réttar upplýsingar um stöðu og rekstur Hafskips hf. á hverjum tíma.
3. Ábyrgð bankastjórnar og bankaráðs Útvegsbanka Íslands á fjárhagslegri stöðu bankans og þar með ríkissjóðs vegna þessara viðskipta og hvort þau samrýmist lögum og reglum bankans með tilliti til hagsmuna hans og viðskiptamanna.
4. Hvort yfirtaka Eimskipafélags Íslands hf. á eignum Hafskips og Íslenska skipafélagsins sé ótvírætt hagkvæmasti kosturinn til að tryggja
 - a. hagsmuni Útvegsbanka Íslands og ríkissjóðs,
 - b. samkeppni í flutningum til og frá landinu,
 - c. atvinnuöryggi þeirra sem starfa við flutninga skipafélaga.
5. Hvort réttar upplýsingar hafi verið gefnar í tengslum við hlutfjárútboð (að upphæð 80 m. kr.) fyrir aðalfund Hafskips í júní 1985.

Nefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og hafa fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist.

Nefndin skal einnig afla sér dómsúrskurðar ef með þarf til að aflétta bankaleynd vegna viðskipta Hafskips hf. við Útvegsbanka Íslands.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og kostur er og skila niðurstöðum til Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í þeim umræðum, sem fram hafa farið um viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands, hefur mikið skort á að Alþingi fengi nauðsynlegar upplýsingar um stöðu mála þótt eftir því hafi ítrekað verið leitað.

Hér eru þó í húfi hagsmunir eins ríkisbankans og þar með ríkissjóðs. Það hefur áhrif á hagsmuni almennings.

Mikið fjárhagslegt tjón bankans, sem yfir vofir og fyrirsjáanlegt er, kemur í hlut landsmanna með einum eða öðrum hætti að greiða. Hver niðurstaða þessa máls verður mun einnig hafa áhrif á starfsöryggi og hag á fjórða hundrað starfsmanna Hafskips hf. og fjölskyldna þeirra. Afleiðingar þessa máls eru ekki einungis mikið fjárhagslegt tap ríkissjóðs heldur munu þær einnig hafa bein og óbein áhrif á hag fjölmargra aðila í landinu.

Skylda Alþingis er að halda uppi virku aðhaldi og eftirliti með ríkisbönkunum sem og öðrum ríkisstofnunum. Alþingi verður því að bregðast við með viðeigandi hætti, ef nauðsyn krefur, þegar sýnt er að hagsmunir bankans sem og hagur almennings er í húfi. Upplýst er að hjá fjárhagslegu tjóni bankans verður ekki komist. Hversu mikið það verður veltur á því hvaða ákvörðun verður tekin og hvernig samningum um yfirtöku eigna Hafskips hf. og skuldaskilum við Útvegsbankann verður háttáð.

Ljóst er að yfir samningaumleitunum, sem fram hafa farið um yfirtöku á eignum Hafskips og Útvegsbanka Íslands, bæði við Eimskip og SÍS, hefur ríkt mikil leynd. Ógerningur hefur verið að fá fram nauðsynlegar upplýsingar um stöðu mála þannig að hægt sé að leggja raunhæft mat á hagkvæmni þeirra kosta sem fyrir hendi eru til að leysa þetta mál með sem minnstum skaða fyrir alla aðila sem hlut eiga að máli.

Slík leynd, sem yfir öllu þessu máli hefur hvílt, er einungis til þess fallin að vekja tortryggni um viðskipti bankans við Hafskip hf., sem og að ekki hafi verið gætt ýtrustu hagkvæmni við lausn þessa máls í þeirri stöðu sem upp er komin.

Því hefur verið haldið fram að Útvegsbankinn hafi í viðskiptum sínum við Hafskip hf. gengið lengra en samrýmst geti hag og velferð bankans. Því hefur einnig verið haldið fram að viðskipti Útvegsbankans og lánaþyrirgreiðsla hans við Hafskip hf. hafi byggst á röngum upplýsingum, sem bankinn hafi fengið, um stöðu og hag fyrirtækisins.

Þegar svo er komið málum er nauðsynlegt að Alþingi grípi í taumana með skipun rannsóknarnefndar til að allir þættir þessa máls verði upplýstir. Rannsóknin ætti einnig að leiða í ljós hvort hagur allra málsaðila hafi sem best verið tryggður með þeirri ákvörðun sem tekin verður til að leiða mál þetta til lykta.

Það er öllum fyrir bestu að staða þessara mála liggja ljós fyrir.